

JARÐEÐNAFRÆÐIATHUGANIR Á VATNI ÚR BORHOLUM Á HÁHITASVÆÐUM

Eftir

Stefán Arnórsson

September 1968

ORKUSTOFNUN
JARDHITADEILD

JARHEFNAFRÉTTAKHÝLANIR Á VATNI KR. FÆRÐÓLVI Á HÍSÍTANUM

Eftir

Stefán Arnérsson

September 1968

JARDEFNAFREÐIATHUGANIR Á VATNI ÚR BORHOLUM Á HÁHITASVÉÐUM.

Tilgangur þeirra jarðefnafræðiathugana á vatni úr borholum á háhitasvēðum, sem hér er fjallað um, er að leiða í ljós hvert gagn megi hafa af þeim til óbeinna hitamælinga á vatni við innstreymi í holurnar, til að segja til um mögulegar útfellingar í þeim og pípum, og að lokum rennsli vatns í berginu á ákveðnum jarðhitasvēðum.

Almennt um efnasamsetningu vatns úr borholum á háhitasvēðum.

I töflu l eru dregnar saman nokkrar helztu efnagreiningar, sem til eru af vatni úr borholum af háhitasvēðum og efnasamsetning djúpvatnsins reiknuð, þar sem það er gerlagt. Hér verður fyrst og fremst rett um efnasamsetningu vatns frá jarðhitasvæðinu við Námafjall, en aðeins minnzt á vatn frá öðrum svæðum til samanburðar. Likill galli er á öllum eldri efnagreiningum, að ekki er vitað við hvaða þrýsting sýnishornunum hefur verið safnað og því ekki gerlegt að leiðréttu fyrir gufutapi og reikna út efnasamsetningu djúpvatnsins. Akveðnar tillögur um aðferðir til að safna vatni og þéttivatni úr borholum á háhitasvēðum eru settar fram í skýrslu til jarðhitadeildar, Uppleysanleiki kvarz í heitu vatni... eftir Stefán Arnórsson, júní 1968.

Sýrustig (pH): Þegar borið er saman mælt sýrustig í heitu vatni á Islandi við sýrustig í heitu vatni á jarðhitasvæðum í öðrum löndum kemur í ljós, að oftast er sýrustig í heitu vatni hérlandis allmiklu herra en annars staðar (pH 9-10 í stað 7-8). Vitað er, að ionaskipti milli jarðvatns og eldfjallaglers og ýmissa leirsteina eins og montmorillonits valda því, að sýrustig jarðvatnsins hækkar. Likið magn af fersku gleri og hversu montmorillonít er algengt í ummynduðu bergi hérlandis geti því e.t.v. skýrt hið háa sýrustig heits vatns. Þegar gler og leirsteinir taka upp vetrisiona og í upplausn fara ýmsir kationar, sennilega mest megnis Na^+ , hækkar sýrustig vatnsins eðlilega. Þetta háa sýrustig hefur allmikil áhrif á efnasamsetningu vatnsins. Uppleysanleiki kalsium karbónats (CaCO_3) minnkar og þar af leiðandi er myndun þess í berginu líklegri. Þá eykst uppleysanleiki kvarz og ópals ef pH er herra en 9.8 og verður því kísilsýrumagnið í vatninu herra fyrir hvert ákveðið hitastig

TAFLA 1. Efnagreiningar á vatni úr borholum af háhitasvæðum. (magn í ppm.)

Borholu	Sýnish. safnað	Sýnish. tók	pH 25°C	Eh 25°C	SiO ₂	Na ⁺	K ⁺	Ca ⁺⁺	Mg ⁺⁺	total carb. sem CO ₂	HCO ₃ ⁻	CO ₃ ²⁻	SO ₄ ²⁻	S ²⁻	Cl ⁻	F ⁻	upp efni	
ímafjall N-1 vatn	21/2/64	?	9.6	429	121	16.5				7.9	122.4	97.3			12.7	11	90%	
ímafj.	N-1 vatn	10/8/65 SGS	9.8	444	115	13.4	0.1	1.4		22.0	122.4	106.0			18.2	1.5	94%	
ímafj.	N-3 vatn	24/1/67 SGS	9.8	823	177	25.5	1.2	0		0	93.0	78.5			18.2	1.1	139%	
ímafj.	N03 vatn	8/10/67 SGS	10.0	784	153	21.6	1.6	0.01		0	77.4	82.6			19.7	1.4	132%	
ímafj.	N-3 vatn	28/5/68 SA	9.6	-0.2	676	154	30.3	1.2	0.03	86.6	100.8	19.0	79.4	106.6	22.9	1.7	112%	
	péttiv.	" "	5.1	+0.61						14.2	813.2				14.2	194.6		
	djúpv.	" "			591	133	26.1	1.1	0.03	188.3				68.3	118.9	19.7	1.5	
ímafj.	N-3 vatn	19/7/68 SA	9.4	-0.29	708	170	31.6	2.0	0.03	88.9	107.8			13.6	80.7	87.7	21.0	
	péttiv.	" "	5.1	-0.11						14.2					14.2	194.4		
	djúpv.	" "			544	130	24.3	1.5	0.03	163.2				62.0	102.5	16.1	0.9	
ímafj.	N-3 vatn	19/7/68 SA	9.5	-0.27	815	179	34.6	1.7	0.04	156.1	66.5	10.1	83.3		27.7	1.5	135%	
	djúpv.	" "			581	128	24.7	1.2	0.03		59.4				19.8	1.1	963	
verag.	G-8 vatn	22/8/68 GE	10.2	-0.15	523	204	24.8	1.7	0.02	39.9	28.6	24.2	60.7	25.1	222	0.2	110%	
	péttiv.	" "	5.3	-0.05						14.2	456.9				14.2	137.9		
	djúpv.	" "			429	167	20.3	1.4	0.02	119.3				49.8	45.4	182	0.2	902
þysvik	14 vatn	9/10/58 ?	9.3	425	500	68.0	8.7	0.5		0	50.0	67.0			7.0	73.5	0.7	203%
þysvik	14 vatn	15/9/68 SA	9.3	-0.31	536										10.5	702	0.8	187%
þykjanes	1 vatn	6/6/68 SA	7.0	+0.18	540	16200	1965	2580	30	-5.0				-0.1	30850	0.2	7239	
þykjanes	2 vatn	18/9/68 SA	7.0	+0.13	394					-5.0				-0.1	22650	0.2	4372	

en ella. Frá hagnýtu sjónarmiði eru kostir við hátt sýrustig einkum þeir, að uppleysanleiki járns minnkar mikið og þar af leiðandi tering á pípum. Einnig er nokkur skyldleiki milli sýrustigs og súrefnisstigs (Eh, redox potential), þannig að súrefnisstig vatns lækkar eftir því sem sýrustig hekkar, en súrefnisstig vatns hefur mjög mikil áhrif á teringu á járni.

Klórið: Þið klóriðsnauða vatn úr borholum N-1 og N-3 við Námafjall stingur mjög í stúf við miklu herra klóriðmagn í djúpvatni í Hveragerði, Krýsuvík og á Reykjanesi. Á Nesjavöllum hefur einkig fundizt klóronautt djúpvatn svipað því við Námafjall. Sú skýring hefur verið sett fram, að hið lága klóriðmagn á þessum svæðum stafi af því, að hiti sé svo hár, að vatnið sé við suðu í berginu og að það vatn sem strocymir inn í holurnar sé þéttivatn, sem hefur streymt upp sem gufa úr enn dýpri jarðlögum. Vatngufa mun ekki skola klóriði úr berginu. Þessi skýring þykir ekki allskostar fullnægjandi, þar sem blanda af vatni og gufu virðist vera a.m.k. á 300-700m dýpi við Námafjall og vatnið er a.m.k. í jafnvægi við kvarz og sennilega kalsíum karbónat líka. Tilraunir Ellis og Mahon (1964, 1967) hafa auk þess sýnt, að um 80% af öllu klóriði í basalti búast út á 72klst. við 360°C . A.m.k. við Námafjall hefur sýnt sig, að þetta klóriðsnauða vatn inniheldur geysilega mikið magn af brennisteinsvetni (H_2S) og er bíkarbónat, sílfat og brennisteinsvetni yfirgnefandi anionar, sem vega upp á móti þeim kationum, sem eru í upplausn. Ef magn kationanna í upplausn stjórnast af uppleysanleika félissa steintegunda, sem verða til er bergrit ummyndast, ákvæður sá uppleysanleiki óbeint heildarmagn aniona, sem geta farið og haldizt í upplausn. Þið mikla magn brennisteinsvetnis, sem er til staðar, geti þannig haft nokkur áhrif á, hversu mikið klórið fer í upplausn, ef það skolast auðveldlegar út úr berginu eða varí það af magmatiskum uppruna og blangðist jarðvatni í efri jarðlögum. Með núverandi þekkingu mætti stla, að klóronautt djúpvatn með mikið magn brennisteinsvetnis bendi á háan hita. Íns vegar, ef tiltölulega klóriðrikt vatn streymir inn í grunnar borholur, mætti búast við, að hiti á meira dýpi sé lengri heldur en í fyrra tilfellinu. Reykjanesvatnið verður þó að teljast til undantekninga, þar sem sjór mun streyma inn í heitt berg þar.

Cbein mæling á hita með ákvörðun á kísilsýrumagni og Na/K hlutfalli í vatninu.

I skýrslu til jarðhitaieilda, Upplýsanleiki kvarz í heitu vatni... eftir Stefán Arnórsson (júní 1968) var fjallað nokkuð um möguleika á að

mæla hita í bortholum á háhitasvæðum með ókvörðum á kísilsýrumagni í vatnинu. Hingað til hefur flestum sýnishornum úr bortholum á háhitasvæðum verið safnað, án þess að gæta hversu efnasamsetning djúpvatnsins breyttist við suðu um leið og það streymir upp holuna. Þer það miður, því að takmarkað gagn er af efnagreiningunum, ef ekki er hagt að reikna út efnasamsetningu djúpvatnsins.

I töflu 2 er sáan meldur hiti í bortholum af nokkrum háhitasvæðum við útreiknaðan hita frá kísilsýrumagni í vatnинu og Na/K hlutfalli.

Tafla 2

borhola	sýnhish. safnað	efnagr. af:	meldur hiti	hiti reikn. frá SiO_2 magni	hiti reikn. út frá Na/K	dýpt holu
Námafjall N-1	21/2/64	R.I.	217	±217	200	342m
Námafjall N-1	10/8/65	R.I.		±219	166	
Námafjall N-3	24/1/67	R.I.	ca.268	±266	214	ca.670m
Námafjall N-3	8/10/67	R.I.		±262	208	
Námafjall N-3	28/5/68	S.A.		268	290	
Námafjall N-3	19/7/68	S.A.	ca.260 ^x	264	282	
Hverag. G-8	22/8/68	S.A.	206	217 ^{xx} -24	176	ca.290m
Krýsuvík 14	9/10/58	R. U.S. ca.230 surv.		216	198	ca.1200m
Krýsuvík 14	15/9/68	S.A.		233		
Reykjanes 1	6/6/68	S.A.	185	234	262	162m
Reykjanes 2	18/9/61	S.A.	225	211 ^{xx}		ca.360m

x hiti meldur á 570m dýpi 266°C. Með sömu hitaaukn. og meling frá 24/1/67 gefur ötti að vera 280°C í 670m.

xx of lágt gildi, þar sem ekki náðist fott sýnishorn. Það var greinilega útkynnt, sennilega vegna þess, að holan bléss ekki náðu lengi til að hreinsa sig, áður en sýnishornið var tekið.

Ber niðurstöðunum sambægla vel sáan nema hvað Na/K hlutfall gefur lagri hita og kísilsýrumagn hærri í holunum, sem eru grunnar (Hveragerði G-8, Reykjanes 1).

Þess skal getið, að tilreunir Ellis og Lahon (1964, 1967) gáfu regluglegra breytingu á Na/K hlutfalli með hita fyrir súrt berg, en öllu lélegra samband og í heildina hærri gildi fyrir basalt. Guðmundur Sigvaldason (1965) hefur einnig bent á, að leirsteinir eins og montmorillonít tekju líklega upp K⁺ úr vatni, sem streymir upp úr dýpri jarðlögum, þar sem montmorillonít finnst ekki og getur þannig valdið því, að Na/K hlutfall hækkar, án þess að hiti lækki. Þú er vitað, að montmorillonít er algengasta sekúndera steinteg-

undin, sem myndast við ummyndun á bergi á jarðhitasveðum niður á 200-500m dýpi. Þar fyrir neðan tekur klórit sess þess. Tapist K⁺ úr heitu vatn á þann hátt, sem að ofan greinir, má búast við, að La/K hlutfall í vatni sé harra í grunnum borholum við ákveðið hitastig heldur en þeim, sem ná niður úr montmorillonít ummynduniinni.

EKKI er gerlegt að segja, hvort frávik mælds hita og hita reiknuðum út frá La/K hlutfalli stafi af skekkju á ákvörðun Na⁺ og K⁺ í eldri efnagreiningum eða af jarðefnafræðilegum ástuðum. Íeð tilliti til tilrauna Ellis og Lahon (1964, 1967) er hugsanlegt, að K⁺ magn í basalti, sem getur verið mjög lágt, gati haft einhver áhrif á La/K hlutfall í vatni ásamt hita og montmorilloníti. Hitt hefur margra ára reynsla sýnt, að breyting á La/K hlutfalli innan ákveðins jarðhitasveðis gefur góðar upplýsingar um rennsli heits vatns á því svæði. Þó er nauðsynlegt að hafa nokkrar borholur vel dreifðar til að geta gefið þess háttar upplýsingar. Aðeins í Hveragerði hefur verið borað regilega mikil til að geta gefið upplýsingar um rennsli heits vatns á pennan hátt. Sýnir sig, að uppstreymi heitasta vatnsins er efst (nyrst) á boraða svæðinu, en það smálínar, þegar neðar dregur (Guðn. Sigvaldason, Persónulegar upplýsingar).

Utfellingar á kísil og kalsíum karbónati í borholum, pipum og bergi umhverfis holurnar.

Reynsla af jarðhitasveðunum við Lámafjall og í Hveragerði hefur leitt í ljós, að allmikil kísilútfelling á sér stað í pipum og sér í lagi ventlum á fyrnefndu svæðinu en ekki því síðarnefndu. Útfelling kísils í pipum og ventlum er án efa fyrst og fremst háð magni kísils í djúpvatniru og þar af leiðandi hita þess við innstreymið í holuna svo og þeim brýstingi (og hita), sem vatn er skilið frá gufu.

Úr vatni, sem er mjög yfirmettað með tilliti til uppleysanleika kvarz, fellur hann út sem ópal en ekki kvarz. Ópal er miklu leysanlegra í vatni en kvarz (mynd 1). Allt bendir til þess, að kísilsýrumagn í djúpvatni stjórnist af uppleysanleika kvarz, en kísill í pipum fellur aftur á móti út sem ópal og má því aðeins búast við útfellingu kísils (myndun ópals), ef vatnið verður yfirmettað með tilliti til uppleysanleika þess við gufutap og kólnun á vatninu, er það sýður á leið sinni upp holuna. Þetta skal skýrt nánar með dæmi: 260°C heitt djúpvatn ætti að innihalda um 540 ppm. af uppleysum kísil, ef vatnið er í jafnvægi við kvarz og gufu. Magn kísilsins í vatninu eykst svo, þegar

vatnið sýtur á leið sínni uppluna og kólnar jafnframt með adiabatiskri útpennslu. Ef gufa myndast við konstant enthalpy, gæti magn kísils í vatninu orðið allt ac 795 ppm. við 100°C , ef ekkert af honum felli út. Af mynd l sést, að neðan við u.p.b. 160°C verður upplausn meira og meira yfirmettuð með tilliti til uppleysanleika ópals. Ef vatn, sem er 260°C við innstreyningi í holuna, veri skilið frá gufu við minni þrýsting en sem samsvarar 160°C metti búast við útfellingu kísils í pipum og ventlum holunnar. Veri innstreymishiti 300°C metti búast við útfellingu, legar vatnið hefur kólnað niður í $190\text{--}200^{\circ}\text{C}$ við konstant enthalpy. Ef innstreymishiti er 210°C verður upplausn rétt aðeins mettuð af ópal, ef vatnið er kelt adiabatiskt niður í 100°C . Ef reikhað er með, að vatn sé skilið frá gufu við þrýsting, sem samsvarar $150\text{--}160^{\circ}\text{C}$ má ástla samkvæmt ofangreindu, að útfellingar á kísil séu hverfandi, ef innstreymishiti í holura er nokkru lægri en 250°C , en fyrir ofan 260°C má búast við kísilútfellingum í pipum og ventlum og metti ótla, að þær mundu aukast mikið með hekkundi hita, þær sem uppleysanleiki kvarz og þær af leiðandi magn kísilsýru í djúpvatninu eykst hratt með auknum hita á þessu hitabili.

Hversu mikill kíselfill gæti fallið út á ákveðnum tíma er erfitt, ef ekki ógerlegt að segja til um. Síki er við því að búast eins og efnagreiningar sýna, að jafnvægi náist milli ópals og kísilmagns í vatninu. Tilraunir hafa þó sýnt, að útfelling á kísil, hvort heldur sem er ópal eða kvarz örfað mjög af suðu og „turbulent“ straumum í vatni. Þess vegna er talið í samræmi við reynslu á holu I-3 við Námafjall, að þær sem þrýstingsfall er mest og suða því ákofust eins og í ventlum verður kísilútfelling mest. Kísilútfelling í berginu umhverfis borholur og neðst í þeim er afar ólíkleg.

Athugun á 3 sýnishornum safnað 28/5 og 19/7 1968 úr holu I-3 við Námafjall sýnir, að vatnið er mettað með tilliti til uppleysanleika kalsium karbónats. Útreikningar að þessu lítandi eru auðveldast frammældir með því að reikna út magn Ca^{++} , sem getur haldizt í upplausn fyrir melt magn karbónats og sýrustigi og bera það saman við melt magn Ca^{++} . Niðurstöður eru sýndar í töflu 3. Ca^{++} í þessum sýnishornum er ákvarðið með atomic absorption tæki (skekkja minni en 5%), en karbónat og bíkarbónat með mælingu á sýrustigi (pH) á staðnum og titreringu á öllu karbónati með 0.1N saltsýru með leiðrétti fyrir truflunum, sem kísilsýra og aðrar veikar sýrur valda. Hlutfallslegt magn karbónats og bíkarbónats er síðan fundið út frá þekktu sýrustigi og ioniskum styrkleika upplausnarinnar. Við hið háa sýrustig, sem er á vatninu, veldur skekkja í ákvörðun þess

Tafla 3

sýnish. safnað	CO_3^{--} ppm.	Ca^{++} ppm.	Ca^{++} (mol) melt	Ca^{++} (mol) reikn. f. mettaða uppl. af CaCO_3	upplauch
28/5/68	19.0	1.3	$10^{-4.5}$	$10^{-4.3}$	mettuð
19/7/68	13.6	2.0	$10^{-4.3}$	$10^{-4.35}$	aðgins yfir mettuð
19/7/68	10.1	1.7	$10^{-4.37}$	$10^{-4.22}$	nokkuð undi mettuð

mestu um skekkju á útreiknuðu Ca^{++} . Skekkja í pH mælingu, sem nemur ± 0.1 veldur skekkju í útreiknuðu Ca^{++} sem nemur ca. $10^{-0.1}$ mol eða 0.3 ppm. Þá sést enn fremur af tölunum í töflu 3, að magn Ca^{++} sveiflast miklu meira en skekkja í ákvörðun þess gæti valdið og að magn karbónats lækkar yfirleitt, þegar Ca^{++} hækkar. Virðist mögulegt að tálka þessar niðurstöður þannig, að hið breytilega magn á karbónati stafi af sveiflum í þrýstingi CO_2 . Þýðir það, að einhverjar kalsíum karbónat útfellingar eiga sér stað í holunni og/eða pípum við hana.

Það er mjög erfitt, ef ekki ógerlegt, að segjs til um hvort útfellingar á kalsíum karbónati sú líklegar meðst í holunni eða berGINU umhverfis hana. I fyrsta lagi lækkar sýrustig vatns með auknum hita og við suðu sleppa úr því veikar sýrur eins og CO_2 og H_2S . Til þess að finna út hvort djúpvatnið væri mettað af kalsíum karbónati væri sennilega best að safna djúpsýnishorni og leiðréttu pH mælingu fyrir hita eingöngu. I þessu tilfelli verður líka vafalaust að reikna með þrýstingi CO_2 sem breytistarð, en með lakkandi þrýstingi þess minnkar uppleysanleiki kalsíum karbónats. Ef djúpvatrið er mettað af kalsíum karbónati mætti búast við útfellingu þess alls staðar í holunni og pípum frá henni, en ef það er undirmettað mundi útfelling, ef nokkur er, aðeins eiga sér stað ofarlega í holunni.

Nokkuð er hægt að segja til um líkur á mikilli eða lítilli útfellingu af kalsíum karbónati eftir því um hvaða bergtegund heita vatnið hefur streymt. Þar sem um sjávarset er að reða, er magn Ca^{++} alltaf miklu hærra en í vatni, sem hefur streymt um basalt og líparít, sennilega vegna þess hversu auðveldara er að skola út miklu meira magni Ca^{++} úr setinu, en ekki vegna lítils magns af karbónati. I sjávarseti eru afgerandi útfellingar kalsíum karbónats því miklu líklegri en í basalti eða líparíti. Vandamál af slíkum útfellingum geti því orðið á svæðum eins og Reykjanesi og syðri hluta svæðisins í Hveragerði.

Ákvörðun á karbónati e. mikarbónati með útreikningi frá „alkaliteti“ vatnsins er sítur áreicinleg fyrir hveravatn og gagnslaust til þeirra útreikninga, sem fjallað var um hér að ofan.

Brennisteinskís myndast oft sem svört og stundum bronslituð skín innan á pípum í borholum við Námafjall og Hveragerði. Þessi brennisteinskís hlýtur að hafa myndast með efnaskiptum milli H_2S í vatni og gufu og járnars í pípum eða með beinni útfellingu úr vatninu. I náinni frentið verður vonandi hegt að skera úr um þessa tvo möguleika út frá sporefnasamsetningu brennisteinskissins. Myndun slíkrar skónar af brennisteinskís hlýtur að stöðva tæringu svo lengi sem skánin er sanfelld, þar sem brennisteinskís er í jafnvægi við vatn við þann hita og magn brennsteins, sem um eruðir.

Loks má geta þess, að gufa eða vatn, sem streymir inn í borholar af miklum krafti, geta brottit mola úr berginu, sem e.t.v. geta stíflað holuna. Þegar Sigurður Benediktsson og Karl Ragnars athuguðu skiljuna á holu N-3 við Námafjall 28/5/68 kom í ljós, að þar hafði sest til talsvert magn af bergi, sem að mestu hafði ummyndast í klörít að því er virtist.

Sporefni:

Nokkur sporefni hafa verið ákvörðuð í vatni frá 3 borholum á Námafjall, en efnagreiningum úr öðrum 2 er enn ekki fyllileg að lokið. Þau efni, sem hafa fundist, eru skráð í töflum 4 og 5. Auk þessara sporefna.

Tafla 4

Borhola	Sýnish. safnað	Mo	Pb	Zn	Fe	V
Námafj. N-3 A	28/5/68	6.8	134.0	27.0	1450.0	60.4
Námafj. N-3 B	28/5/68	-2.0	131.0	-2.0	21.4	39.4
Námafj. N-3 C	28/5/68 ^x	-2.0	34.2 ⁺	6.5	131.0	42.0
Hverag. G-8	22/8/68	4.8	-2.0	11.5	482.0	39.0
Reykjnes 1	6/6/68	760.0	-10.0	-10.0	59.0	-5.0

x sýnishorn var geymt í einn mánuð, áður en það var efnagreint.

+ Pb tapast úr sýnishorninu við geymslu.

Magn sporefnanna er reiknað í ppb. (microgröm/litra. Efni ákvörðuð með Röntgen fluorescence teki. Samkvæmni ca. 2-10%.

Tafla 5

Borhola	Sýnish. safnað	Ge	Ga	Mo	Ti	Cr	Ni
Námafj. N-3 A	28/5/68	97.0	7.3	6.9	50.8	+100.0	18.0
Námafj. N-3 B	28/5/68	52.0	0.7	1.6	1.4	-2.0	-0.5
Námafj. N-3 C	28/5/68	56.0 ^x	1.7	2.8	5.4	15.9	-0.5

Tafla 5 írh.

Borhola	sýnish. safnað	Ge	Ga	Lo	Ti	Cr	Ni
Hverag. G-2	22/8/68	51.0	3.0	6.0	2.2	+100.0	40.8
Reykjanes 1	6/6/68	-2.5	3.8	+100.0	-10.0	-10.0	-2.5

Hagn sporefnann er reiknað í ppb. (microgröm/lítra). Efni ákvörðuð með emission spectrograph teki. Sankvænni ca. 15%.

var leitað að Bi, Cd og Co, en þau fundust ekki (minna en 1 ppb.). Niðurstöðum á sýnishornum A, B og C frá Kámafjalli ber mjög illa saman (miklu verr en öðrum sýnishornum, sem hafa verið tekin tvö saman úr einstökum hverum eða borholum. Vafalaust hefð sýnishorn A og C að einhverju leiti óhreinkast af útbvotti úr pípum og/eða ögnum, sem hafa brotnað úr pípum og bergi við innstreyzið í holuna. Þendir hið mikla magn Cr, Ni og Fe eindregið til þess. Hér vertur aðeins drepið á nokkrar hugmyndir varðandi magn Ge í heitu vatni almennt og hverjar upplýsingar breyting á magni þess gæti sagt til um rennsli heits vatns í bergi umhverfis borholur. Að það skal bent, að þessar hugmyndir eru enn á frumstigi og eiga langt í land með að gefa hagnýtar níutstæður.

A mynd 4 sést, að greinlegt samband er milli le og SiO_2 í heitu vatni á Íslandi. Sambandið er þó mismunandi oftir einstökum jarðhitasvoðum. Á þeim svæðum, sem berggrunnurinn er tiltölulega gerall (Tertier) og bergið sníðlega meira ummyndað en annars staðar og þar sem miklu vatni er dalt úr borholum (Iorðurland, Keyklíðar á Þarðaströnd, Reykjavík, Selfoss) er tiltölulega minna Ge en t.d. á Suðurlandsundirlendi miðað við sama SiO_2 magn. Hlutfallið Ge/ SiO_2 í vatni er gróflega 25 sinnum horra en í basalti (Ge í basalti ca. 1.5 ppm.). Á jarðhitasvoðum eins og í Reykholtsdal, þar sem heildarrennsli er nú nálegt 300 l/sek tekki gróflega 100,000 ár að skola öllu Ge úr 1km^3 af bergi miðað við núverandi Ge magn og óbreytt rennsli. Það virðist því möguleg skýring, að hið tiltölulega lága Ge/ SiO_2 hlutfall í vatni á þessu svæði svo og í Reykjavík stafi af því, að talsverður hluti upphaflegs Ge hafi þvegizt út úr bergeninu. Þess skyldi líka gætt, að varla mun snerting vatns og bergs meiri en svo, að tiltölulega líttill hluti, segjum 1/4, af öllu Ge í bergeninu gæti gengið í upplausn. Með því að fylgjast með mögulegri breytingu Ge í borholum með tíma, mætti e.t.v. gefa einhverjar upplýsingar um aðrennslisrásir að borholunni, j minnkandi snertingu milli vatns og bergs vegna útfellinga kalsíum karbónats.

EKKI ÞYKIR TÍMABERT AÖ RUÐA HVATNA UPPLÝSINGAR EFINASAMSETNING VATNSINS
GOTTI ÞEÐFIÐ UM RENNSLI HEITS VATNS Á JARÐHITASVÆÐINU VIÐ MÉLAFJALL.
ÞEGAR EFNAGREININGAR AF VATNI ÚR HOLUM 1-4 OG 1-5 LIGGJA FYRIR ATTÍ AÖ
VERA ÞERLEGT AÖ SEÐJA TIL UM HVAR VÆRU HELZT AUKNAR LÍKUR Á
ÁRANGURSRÍKRI BORUN I NÁGRENNI PEIRRA HOLA, SEM ÞEGAR HAFÐA VERIÐ BORAÐAR
EÇA HVORT DÝPT HOLANNA SKIPTI MEÐIN MÁLI.

Heimildarrit:

1. A.J. Ellis and W.A.J. Mahon, 1964. Natural hydrothermal systems and experimental hot water/rock interactions. *Geochim. Cosmochim. Acta*, 28, 1323-57.
2. A.J. Ellis and W.A.J. Mahon, 1967. Natural hydrothermal systems and experimental hot water/rock interactions (part II). *Geochim. Cosmochim. Acta*, 31, 519-38.
3. Guðr. Sigvaldason í skýrslu til jarðhitadeilda eftir Kristján Sæmundsson, Sveinbjörn Björnsson, Guðr. Sigvaldason, Gunnlaug Ólafsson og Halldór Kjartansson. Ramnsékn á jarðhita í Reykholtsdal, ágúst 1966.
4. Stefán Arnórsson, 1968. Uppleysanleiki kvars í heitu vatni og upplýsingar, sem kísilsýrumagn í vatninu gefur um botnhita á lághitasvæðum og hitastig í borholum á háhitasvæðum, júní 1968. (skýrsla til jarðhitadeilda).

Teiknir græn R.O.Fournier og J.J.Rowe,
Am.J.Sci., 264, 685-697

SiO_2
ppm.

1400

1200

1000

800

600

400

200

0

Uppleysanleiki myndlauss kisils (ópal)

Útreiknuð aukning á kisil í vatni sem kölnar
adiabatiskt við konstant enthalpy

vatn upphaflega í jafn-
vegi við kvarz

Uppleysanleiki kvarz

400 hiti °C

300

200

100

0

ÖRKUSTOFFNUN
Jarðhifadeild

Hljóð 2

SAMBAND NA/K OG HITA
í heitu vatni.

20. apríl 1967 / Ó.R.


Tgt. 517

J = Hitam.

Fnr. 8560

Tekið úr grein eftir A.J.Ellis og M.A.J.Mahon 1967 Geochim Cosmochim Acta, 31, 519 - 538.

Punktar sýna samband milli Na/K hlutfalls og mealds hitastigs í nokkrum borholum á háhitasvæðum




Hljóð 3

Samband hita og kísilsýru í vatni, sem

hefur soðið adiabaiskt niður í 100°C (1 atm)

J-Hitamæling

Fnr. 8561



Tekið úr grein R.O.Fournier og J.J. Rowe,
Am. J. Sci., 264, 685-697


Háma 4

SAMBAND MILLI Ge og SiO₂
í heitu vatni.

23.9.68 54/28
Tnr. 616
J - hitam.
Fnr. 8559

SKÝRINGAR

- Geysissvæði.
- △ Hveravellir á Kili.
- Suðurlandsundihendi.
- + Norðurland, Snæfellsnes,
- Reykhólar á Bardaströnd.
- Reykholtsdatur og nágrenni.




23.6.68 SA / P
Tnr. 599
J-Hitam.
Fn. 8412.

Mýnd 5

Uppleysanleiki Kvarz í vatni við 1000 atm.
 P_{H_2O} á hitabilinu 45–300 °C.

Uppleysanleiki
Kvarz: ppm.



(Engin vatnsgufa er til staðar á þessu hitabili
við ofangreindan þrýsting.)

Níðurstöður fengnar frá Morey et.al.(1962),
Geochim. Cosmochim. Acta 26: 1029–43.

24.0.00.0A / F
 Tnr. 600
 J-Hitam.
 Fn. 8413

Uppleysonleiki Kvarz í vatni á hitabilinu
 69-360°C, eftir 3-fasa ferlinum; gufa, vatn, kvarz.

Mánd 6

